

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. september 2023

Mál nr. E-1428/2023:

A

(Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður)

gegn

TM tryggingum hf.

(Einar Brynjarsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. september 2023, höfðaði A, með stefnu birtri 22. febrúar 2023, á hendur TM tryggingum hf., [...], [...], til heimtu skaðabóta.
- Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að hið stefnda félag verði dæmt til þess að greiða honum 10.820.637 krónur, með vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 3. apríl 2019 til 26. september 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hið stefnda félag verði dæmt til þess að greiða stefnanda 5.372.532 krónur, með vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 3. apríl 2019 til 26. september 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfurnar verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik

- Stefnandi, sem er fæddur og uppalinn í [...], lenti í slysi þann [...] 2018 við störf sín á fiskiskipinu B [...]. Var skipið að koma að bryggju á [...] þegar stefnandi var beðinn um að binda bátinn við bryggju. Stökk hann niður á bryggjuna en lenti illa á hægri fæti. Leiddu síðari rannsóknir í ljós að um margþætt brot í hælbeini væri að ræða. Stefnandi leitaði sama dag á bráðamóttöku Landspítalans, en flaug í kjölfarið til [...] þar sem hann naut frekari lækniástoðar.

- 5 Stefnandi átti bótarétt samkvæmt tryggingu sem vinnuveitandi hans, C hf., hafði keypt hjá stefnda. Voru þeir D, læknir, og E, lögmaður, fengnir til að meta afleiðingar slyssins. Skiluðu þeir matsgerð sinni 24. júlí 2022. Niðurstaða þeirra var meðal annars sú að varanleg örorka stefnanda væri 10%. Stefnandi var óvinnufær um tíma eftir slysið, en hóf síðan störf að nýju og starfar enn sem háseti á B [...].
- 6 Í kjölfar framangreindrar matsgerðar sendi þáverandi lögmaður stefnanda bréf til stefnda og setti fram kröfur á grundvelli matsgerðarinnar. Í framhaldi af því komust aðilar að samkomulagi, sem samþykkt var af hálfu stefnanda með fyrirvara um árslaunaviðmið, útlagðan kostnað og þóknun lögmanns. Meginágreiningur aðila laut að því við hvaða árslaun skyldi miða við uppgjör varanlegrar örorku stefnanda, sbr. 1.–3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Er sá ágreiningur enn óleystur og ástæðan fyrir málshöfðun þessari.

Helstu málsástæður stefnanda

- 7 Stefnandi byggir kröfur sínar á því að styðjast eigi við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við uppgjör bóta fyrir varanlega örorku stefnanda, þar sem hann hafði ráðið sig á fiskiskipið B [...] er slysið varð og starfi þar enn samkvæmt ótímabundnum ráðningarsamningi, dags. 1. október 2018. Megi með góðu móti fullyrða að tjón stefnanda verði ekki bætt að fullu ef miða eigi við lágmarkslaun á grundvelli 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, líkt og gert hafi verið í uppgjöri aðila.
- 8 Þessu til frekari stuðnings byggir stefnandi, sem hóf störf sem háseti á nefndu skipi um einum og hálfum mánuði fyrir slysið, á því að aðstæður hans hafi verið óvenjulegar árin fyrir slys. Hann hafi verið fullfær um að vinna líkamlega erfið störf, líkt og starf hans sem sjómaður fyrir og eftir slysið sýni, en hafi sinnt fötluðum frænda sínum um lengri tíma. Tekjur fyrir það hafi verið litlar og í raun varla um launað starf að ræða. Því gefi þær tekjur engan veginn rétta mynd af tekjuöflunarhæfi stefnanda. Því geti lágmarkstekjur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga engan veginn átt við sem tekjumælikvarði.
- 9 Byggir stefnandi á því að aðstæður hans hafi breyst skömму fyrir slysið, er hann réði sig sem háseta á B [...], sem falli fullkomlega að þeim aðstæðum sem tilgreindar hafi verið í dæmaskyni í athugasemdum við 6. gr. frumvarps til laga um breyting á skaðabótalögum, sem varð að lögum nr. 37/1999. Launatekjur liðinna ára séu þannig ekki góður mælikvarði til að meta tjón hans. Eðlilegra sé að miða við nýjar aðstæður,

sem framhald hafi verið á, þar sem hann starfi enn á sama skipi og hjá sama vinnuveitanda.

10 Aðalkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Varanleg örorka

Aldur við stöðugleikapunkt: 35 ára

Meðalárstekjur

kr. 12.531.993 x 11,678 x 10%

Samtals

kr. 14.634.861.

11 Stefnandi segir að árstekjur hans miðist við þau árslaun sem hann hafi haft árið 2018, miðað við launaseðil í nóvember það ár, auk mótframlags atvinnurekanda í lífeyris-sjóð, samtals 1.403.131 krónu á mánuði. Stefnandi telur að gögn málsins sýni að þetta hefði verið hans hlutur hefði ekki komið til slyssins. Þá telur hann að gögn sýni að vinnufélagar hans í sömu stöðu hefðu verið með sömu laun. Hafi þessi fjárhæð verið margfölduð með 12, í samræmi við fjölda mánaða í ári. Árslaunaviðmið, auk mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð, sé því samtals 16.837.572 krónur. Séu árslaunin umfram hámarkslaun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Því sé árslaunaviðmið framreiknuð hámarkslaun til apríl 2019, þegar stöðugleikapunkti var náð, eða 12.531.993 krónur.

12 Frá kröfu stefnanda dragist greiðsla frá stefnda að fjárhæð 3.814.224 krónur, vegna varanlegrar örorku, auk vaxta að fjárhæð 1.032.773 krónur, sbr. uppgjör aðila, sem stefnandi hafi samþykkt með fyrirvara um launaviðmið og lögmannsþóknun. Miðist frádráttur einungis við höfuðstól og vexti vegna varanlegrar örorku en vextir dragist einungis frá við lokauppgjör verði fallist á kröfur stefnanda. Nemi höfuðstóll aðalkröfu því $14.634.861 - 3.814.224 = 10.820.637$ krónum.

13 Varakröfu sína segir stefnandi miðast við meðallaun verkamanna árið 2019, þegar stöðugleika hafi verið náð samkvæmt matsgerð. Byggi sú krafa á því að störf hans fyrir og eftir slys hafi sýnt að hann hafi verið fær um að vinna líkamlega vinnu. Verði því að minnsta kosti að miða við meðaltekjur verkamanna, enda hefði hann í öllu falli getað fengið verkamannastarf þótt ekki yrði miðað við sjómennsku. Sé það miðað við að stefnandi hafi unnið í byggingarvinnu, við vélar og sinnt garðyrkjustörfum áður en hann hafi aðstoðað frænda sinn. Stefnandi telji sjómennsku þó gefa réttari mynd af framtíðartekjuöflun, í samræmi við aðalkröfu, en krafa á grundvelli meðaltekna verkamanna sé einnig sett fram sem viðmið þar sem allar líkur séu til þess að

tekjur háseta séu hærri en meðallaun verkamanna. Því geti árslaunaviðmið háseta ekki verið lægra en þau.

- 14 Byggir stefnandi varakröfu sína á upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en samkvæmt þeim hafi meðallaun verkamanna árið 2019 verið 607.000 krónur á mánuði eða 7.284.000 krónur á ári, auk 8% framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, eða samtals 7.866.720 krónur.
- 15 Sundurliðast varakrafa stefnanda því þannig:

Varanleg örorka

Aldur við stöðugleikapunkt: 35 ára

Meðalárstekjur

kr. 7.866.720 x 11,678 x 10%

Samtals

kr. 9.186.756.

- 16 Frá kröfunni dragist, eins og áður, greiðsla frá stefnda að fjárhæð 3.814.224 krónur vegna varanlegrar örorku og vextir að fjárhæð 1.032.773 krónur vegna hennar, sbr. uppgjör sem samþykkt hafi verið af hálfu stefnanda með fyrirvara um launaviðmið og lögmannsþóknun. Miðist frádráttur einungis við höfuðstól og vexti vegna varanlegrar örorku en vextir dragist einungis frá við lokauppgjör. Höfuðstóll varakröfu nemi samkvæmt því $9.186.756 - 3.814.224 = 5.372.532$ krónum.
- 17 Jafnframt gerir stefnandi kröfu um 4,5% vexti í samræmi við 16. gr. skaðabótalaga frá þeim degi sem stöðugleika var náð samkvæmt matsgerð, 3. apríl 2019, og til 26. september 2022, þegar mánuður var liðinn frá því er krafa var gerð, þ.e. 26. ágúst 2022. Frá þeim degi er gerð krafa um dráttarvexti í samræmi við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Helstu málsástæður stefnda

- 18 Stefndi byggir á því að fullnaðaruppgjör grundvallist á almennri reglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, enda hafi ekki komið fram upplýsingar sem réttlætt geti frávik frá meginreglu 1. mgr. 7. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar, hvorki um tekjur stefnanda fyrir slys né um annað. Krafa stefnanda sé samkvæmt því þegar greidd. Miða beri skaðabótarétt stefnanda við lágmarkslaun í samræmi við 3. mgr., sbr. 1. mgr., 7. gr. skaðabótalaga, enda verði að leggja til grundvallar að ósannað sé að stefnandi hafi haft hærri tekjur en sem þeim nemur síðustu þrjú almanaksárin áður en slysið varð.

Stefndi hafi þegar greitt stefnanda bætur miðað við þær forsendur og því beri að sýkna stefnda af frekari kröfum.

- 19 Stefndi telur að ekki sé hægt að leggja málsástæður stefnanda, um að aðstæður hans fyrir slys hafi verið óvenjulegar og að tekjur hans síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið gefi ekki rétta mynd af aðstæðum, til grundvallar uppgjöri í málinu. Bendir stefndi á að engin gögn hafi verið lögð fram, hvorki til stefnanda né í þessu máli, um tekjur stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið. Stefndi hafi því aldrei haft forsendur til að leggja annað mat á aflahæfi stefnanda en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Ekki verði séð að dómurinn hafi slíkar forsendur heldur.
- 20 Stefndi mótmælir því að 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eigi við, en stefnandi verði að sýna fram á að bæði skilyrði þeirrar málsgreinar séu uppfyllt, þ.e. annars vegar að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og hins vegar að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola en sá sem notaður hafi verið. Stefndi ítrekar einnig að regla 1. mgr. 7. gr. sé meginregla, sem ekki beri að víkja frá nema sérstök rök séu fyrir hendi, og að tekjur séu miðaðar við árin á undan slysdegi, en ekki eftir hann.
- 21 Stefndi byggir mál sitt enn fremur á því að óvenjulegar aðstæður séu ekki fyrir hendi eins og hér standi á. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður, sem réttlæti að vikið sé frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
- 22 Stefndi vísar til þess að til séu upplýsingar og gögn um raunverulegar tekjur stefnanda árin fyrir slys. Stefnandi hafi sjálfur greint matsmönnum frá því að hann hafi verið á vinnumarkaði frá 16 ára aldri og meðal annars unnið við [...] í sjö ár og á [...] síðasta eina og hálfu árið áður en hann hafi hafið störf hjá C hf. Af lýsingum að dæma verði ekki annað ráðið en að aðstoðarstörf hans við frænda sinn hafi farið fram samhliða [...] og lokið áður en hann hóf störf á framangreindri [...]. Því verði að leggja til grundvallar að til séu skýr gögn um tekjur stefnanda í fullu starfi, að minnsta kosti síðustu 18 mánuðina fyrir slysdag.
- 23 Stefndi byggir á því að samkvæmt framangreindu verði að teljast augljóst að skilyrði 2. mgr. 7. gr. um óvenjulegar aðstæður sé ekki uppfyllt, enda hafi störf stefnanda árin á undan tjónsatviki verið sambærileg þeim störfum sem hann hafi stundað í tæpa tvo

- áratugi. Þrátt fyrir það hafi stefndi ekki lagt fram nein gögn um tekjur sínar á umræddu tímabili. Með vísan til sömu röksemda telur stefndi ljóst að annar mælikvarði en lágmarkslaun sé ekki réttari á framtíðartekjur stefnanda.
- 24 Stefndi telur samkvæmt framansögðu að hvorugt skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé uppfyllt, enda sé ósannað að aðstæður stefnanda hafi verið á einhvern hátt óvenjulegar í skilningi ákvæðisins, með þeim hætti að tekjur hans síðustu þrjú almanaksárin gefi ekki rétta mynd af væntum framtíðartekjum hans. Þess í stað verði að leggja til grundvallar að þær tekjur hafi ekki verið hærri en það viðmið sem stefndi hafi lagt til grundvallar við fullnaðaruppgjör.
- 25 Þá telur stefndi það gefa ranga mynd af væntum framtíðartekjum stefnanda að miða við mánaðarlaun í starfi sem hann hafði eingöngu sinnt í einn og hálfan mánuð, af 19 ára starfsferli. Því verði ekki lagt til grundvallar að neinn annar tækur mælikvarði gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
- 26 Stefndi gerir þá varakröfu, verði ekki á það fallist að reikna beri skaðabótakröfu stefnanda út frá lágmarkslaunum 3. mgr. 7. gr., sbr. 1. gr., skaðabótalaga, að reikna beri bætur miðað við lægri viðmiðunarlaun, aðallega lágmarkslaun verkamanna samkvæmt gildandi kjarasamningum á slysdagi, en til vara meðallaun verkamanna á slysdagi. Lækka beri kröfur stefnanda til samræmis við það.
- 27 Líkt og um aðalkröfu byggir stefndi á því að leggja verði til grundvallar að laun stefnanda í föstum störfum hans við garðyrkju, á bílapartasölu og í vélaverksmiðju hafi ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur lágmarksviðmiðum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eða þá lágmarkslaunum verkafólks á Íslandi samkvæmt gildandi kjarasamningum 18. nóvember 2018. Í öllu falli verði að leggja til grundvallar að ekki sé sýnt að stefnandi hefði mátt gera ráð fyrir því að hafa hærri laun en sem nemur lögbundnum lágmarkslaunum verkamanns, enda hafi hann ekki unnið við önnur störf en almenn verkamannastörf nær alla starfsævina og hafi ekki menntun eða reynslu af öðrum störfum. Því sé ekki hægt að leggja annað viðmið til grundvallar réttum bótum en lágmarkslaun verkamanna á Íslandi, á þeim degi er slysið átti sér stað.
- 28 Að framangreindu frágengnu telur stefndi að miða beri við meðallaun verkafólks á því ári er slysið átti sér stað, en ekki við batahvörf líkt og stefnandi byggir á í varakröfu sinni. Sé sú fjárhæð 574.000 krónur og reiknist meðalárslaun því sem 6.888.000

krónur, auk 8% mótframlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, samtals 7.439.040 krónur. Á þeim grundvelli reiknist bótakrafa sem $7.439.040 * 11,413 * 0,1 = 8.490.176$ krónur, að frádregnum 3.814.224 krónum, sem þegar hafi verið greiddar til stefnanda, samtals 4.675.952 krónur, einnig að frádregnum vöxtum að fjárhæð 1.301.351 króna.

- 29 Að endingu mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda og telur einsýnt að ekki séu neinar forsendur fyrir því að reikna dráttarvexti frá fyrra tímamarki en við dómsuppsögu, fari svo að fallist verði á kröfur stefnanda að einhverju leyti, enda séu laga-skilyrði fyrir öðrum upphafsdögum vaxta ekki uppfyllt.

Niðurstaða

- 30 Í máli þessu er ekki ágreiningur milli aðila um bótaábyrgð stefnda eða örorkumat, sem liggur til grundvallar kröfum stefnanda, enda hefur stefndi gert tjón hans upp á grundvelli áðurnefndrar matsgerðar D, læknis, og E, lögmanns. Ágreiningur aðila felst einungis í því við hvaða árslaun skuli miða við fjárhagslegt uppgjör varanlegrar örorku stefnanda, nánar tiltekið hvort miða skuli við tekjur stefnanda sem sjómanns þann eina og hálfu mánuð sem hann starfaði sem sjómaður fyrir slysið, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sbr. aðalkröfu stefnanda, eða eftir atvikum meðallaun verkamanna á Íslandi, sbr. varakröfu stefnanda, eða hvort miða eigi við lágmarkstekjur samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna, sbr. uppgjör aðila og afstöðu stefnda.

1

- 31 Ákvæði skaðabótalaga um bætur vegna varanlegrar örorku hafa það markmið að tryggja þeim sem fyrir tjóni hefur orðið fullar bætur fyrir slíkt tjón eftir því sem hægt er. Framtíðartekjur viðkomandi eru hins vegar óvissar í eðli sínu. Til að meta framtíðartekjutjón tjónþola hefur sú leið verið valin sem meginregla, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, að leggja meðalatvinnutekjur viðkomandi síðustu þrjú ár fyrir slys, þ.e. rauntekjur, að meðtöldu framlagi frá vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, til grundvallar útreikningi vegna tjóns sökum varanlegrar örorku.
- 32 Frávik frá framangreindri meginreglu skaðabótalaganna er að finna í 2. mgr. 7. gr. þeirra, þar sem mælt er fyrir um að meta skuli árslaun sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

- 33 Í 3. mgr. 7. gr. sömu laga er mælt fyrir um að ekki skuli miða uppgjör varanlegrar örorku við lægri árslaun er þar eru tilgreind. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal ekki miða fjárhagslegt uppgjör varanlegrar örorku við hærri árslaun en þar greinir. Samkvæmt þessu hefur með 3. og 4. mgr. 7. gr. skaðabótaganna verið sett tiltekið gólf, með tilliti til þeirra sem hafa verið tekjulágir fyrir slys, og þak, með tilliti til þeirra sem hafa verið tekjuháir fyrir slys, við uppgjör bóta fyrir varanlega örorku.
- 34 Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótaga, með síðari breytingum, þurfa þrjú megin-skilyrði að vera uppfyllt til að unnt sé að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. laganna um að styðjast við meðalatvinnutekjur viðkomandi næstliðin þrjú ár fyrir slys og beita í þess stað undantekningarákvæði 2. mgr. sömu greinar. Í fyrsta lagi verða að hafa verið fyrir hendi óvenjulegar aðstæður á umræddu þriggja ára tímabili. Í öðru lagi verða þær óvenjulegu aðstæður að hafa leitt til þess að árslaun viðkomandi á tímabilinu séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Í þriðja lagi þarf að liggja fyrir að annar mælikvarði gefi betri vísbendingu um ætlaðar framtíðartekjur viðkomandi og þá um leið framtíðartekjutap vegna varanlegrar örorku. Sönnunarbyrði um að öll þessi atriði séu uppfyllt hvílir á þeim sem því heldur fram, stefnanda í þessu máli.

2

- 35 Stefnandi er frá [...]. Þann 1. október 2018 réði hann sig sem háseta á fiskiskipið B [...], en útgerðaraðili þess er C hf. í [...]. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að þetta hafi verið fyrsta starf stefnanda á Íslandi. Þá bera gögnin jafnframt með sér að stefnandi hafi átt lögheimili hjá vini sínum hér á landi er hann hafi verið í vinnutörn, en annars búið áfram í [...]og ferðast þangað er hann var ekki að vinna.
- 36 Óumdeilt er að stefnandi slasaðist við störf sín 18. nóvember 2018, skömmu eftir að hann hóf störf hjá C hf. Stefnandi hafði ekki aðeins nýlega skipt um starf er slysið varð, heldur einnig um starfsvettvang, en hann hafði ekki áður starfað sem sjómaður eftir því sem séð verður af gögnum málsins. Hins vegar er óumdeilt að stefnandi hélt áfram starfi sínu sem háseti á B [...] er hann hafði jafnað sig eftir umrætt slys og gegnir því starfi enn. Í stefnu segir að hann hafi hafið störf að nýju í nóvember 2020. Af gögnum málsins má þó ráða að það er ekki rétt.
- 37 Í læknisvottorði F, læknis vinnuveitanda stefnanda, dags. 15. nóvember 2021, kemur meðal annars fram að læknirinn hafi fengið upplýsingar um að stefnandi hafi hafið

störf að nýju 4. apríl 2019. Um þetta segir einnig í matsgerð D, læknis, og E, lögmanns, dags. 24. júlí 2022: *Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum telst stöðugleikapunkti hafa verið náð [3. apríl 2019], þ.e. þegar hann fór aftur til sjós.* [leturbreyting dómsins]

- 38 Ennfremur má sjá af yfirliti yfir lögskráningu stefnanda á B [...], sem frammi liggur í málinu, að stefnandi hafi reglulega verið skráður sem háseti á skipinu eftir 3. apríl 2019. Verður samkvæmt framansögðu við það miðað að stefnandi hafi hafið störf sem háseti á fiskiskipinu B [...] þann 1. október 2018 og hafi starfað þar síðan. Hann hafi sömuleiðis verið frá vegna afleiðinga þess slyss sem hann varð fyrir frá 18. nóvember 2018 til 3. apríl 2019.
- 39 Hvað fyrri störf stefnanda varðar liggur ekki annað fyrir um þau í málinu en það sem haft er eftir stefnanda sjálfum á fundi með matsmönnum við skoðun þann 9. maí 2022, svo og það sem segir um þessi atriði í stefnu og kröfubréfi lögmanns stefnanda til stefnda. Gögn málsins bera með sér að stefnandi, sem var 35 ára á slysdegi, hafi hætt í skóla 16 ára gamall. Átti hann samkvæmt því um 19 ára sögu sem þátttakandi á atvinnumarkaði í [...] er slysið varð.
- 40 Er haft eftir stefnanda í áðurnefndri matsgerð að hann hafi fyrst verið í atvinnuprófun við að mála grindverk og í nokkurs konar undirbúningi fyrir byggingarvinnu. Næstu þrjú til fjögur árin hafi hann starfað hjá föður sínum og síðan í svipaðan tíma við vélar í verksmiðju. Eftir það hafi hann unnið í um það bil sjö ár við ýmis [...] og einnig verið að aðstoða fatlaðan frænda sinn sem hafi [...], þ.e. í fjögur til fimm ár. Þá hafi hann unnið í hálf tölva á [...] áður en hann flutti til Íslands 2018.
- 41 Í kröfubréfi þáverandi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 26. ágúst 2022, voru færð rök fyrir því að eðlilegt væri að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við uppgjör varanlegrar örorku stefnanda og líta frekar til launa hans eftir slys. Sagði meðal annars í bréfinu: *Ástæðan er sú að af viðmiðunarárunum þremur fyrir slys var [stefnandi] ekki byrjaður að vinna á sjó en 4-5 árum fyrir slysið starfaði hann aðallega við að aðstoða fatlaðan frænda sinn sem [...] ásamt því að hafa starfað í nokkra mánuði áður en hann byrjaði að vinna á Íslandi á [...]. Að auki er ómögulegt að komast yfir upplýsingar um það hverjar tekjurnar hans voru þrjú ár fyrir slys, enda var hann að mestu tekjulaus við að aðstoða frænda sinn.*

- 42 Í stefnu segir um þetta atriði að aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar árin fyrir slys. Hann hafi *sinnt fötluðum frænda sínum um lengri tíma en tekjur fyrir það hafi verið litlar og í raun varla um launað starf að ræða. Því gefi þær tekjur engan veginn rétta mynd af tekjuöflunarhæfi stefnanda.* Í stefnu er einnig vísað til þess að stefnandi hafi unnið í byggingarvinnu, við vélar og sinnt garðyrkjustörfum *áður en hann hafi aðstoðað frænda sinn.*
- 43 Að mati dómsins er ekki ljóst, með hliðsjón af framansögðu og öðru sem fram er komið í málinu, hvort stefnandi hafi haft það að aðalstarfi árin fyrir slys að sinna fötluðum frænda sínum, eða hvort hann hafi sinnt því samhliða öðrum störfum sínum, við [...] eða á [...]. Þá er jafnframt óljóst á hvaða forsendum stefnandi hafi sinnt frænda sínum, hvort um formlega vinnu hafi verið að ræða eða persónulega aðstoð, hvort stefnandi hafi þegið endurgjald fyrir aðstoðina, hvert það hafi þá verið, hversu lengi þessi tilhögun hafi staðið o.s.frv.
- 44 Hvað sem því líður þykir mega leggja til grundvallar að stefnandi hafi unnið á [...] áður en hann hóf störf á Íslandi í október 2018, sbr. ummæli hans sjálfs hjá matsmönnum. Verður jafnframt að ætla að það hafi hann gert í umtalsverðan tíma, sbr. frásögn hans sjálfs, þar sem hann sagði matsmönnum að hann hefði starfað í hálf tannað ár á [...] áður en hann flutti til Íslands. Verður jafnframt að reikna með að stefnandi hafi þegið laun fyrir í það minnsta [...] sín og vinnu á [...]. Þá er ekki hægt að segja með nokkurri vissu, út frá gögnum málsins, að hlé hafi orðið á atvinnuþátttöku stefnanda í [...] áður en hann hóf störf sem háseti á skipinu B [...] í október 2018.

3

- 45 Stefndi vefengir staðhæfingar um að stefnandi hafi verið tekjulaus síðustu þrjú árin fyrir slysið. Skoraði stefndi á stefnanda í greinargerð sinni að *leggja fram fullnægjandi gögn um tekjur sínar síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið, einkum skattskýrslur hans frá umræddum árum, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.* Gerði stefndi jafnframt þá kröfu að yrði ekki orðið við þeirri áskorun yrði lagt til grundvallar í málinu að *þau gögn sýni að [stefnandi] hafi verið með fastar tekjur á umræddum tíma og að þær tekjur hafi ekki numið hærri fjárhæðum en stefndi hefur lagt til grundvallar við fullnaðaruppgjör, sbr. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.*

- 46 Stefnandi hefur á móti sagt að ekki hafi verið hægt að afla umræddra gagna. Hafa því engin gögn verið lögð fram í málinu varðandi störf stefnanda í [...] árin fyrir slysið, hvorki skattframtöl hans þar í landi né heldur önnur gögn, svo sem vottorð vinnuveitenda hans, launaseðlar eða annað. Þá voru ekki teknar skýrslur af stefnanda sjálfum eða vitnum við aðalmeðferð málsins, í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á fyrri störf stefnanda og tekjusögu.
- 47 Engar skýringar hafa verið gefnar á því hvers vegna ekki hafi verið hægt að afla gagna um tekjusögu eða aðstæður stefnanda í [...] fyrir slys. Við aðalmeðferð málsins kom hins vegar fram sú afstaða af hálfu stefnanda að upplýsingar um störf hans þar í landi skiptu ekki máli, þar sem óumdeilt væri að hann hefði haft lægri laun en sem næmi lágmarksviðmiðum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
- 48 Á þennan skilning er ekki hægt að fallast, enda er það forsenda fyrir því að hægt sé að leggja mat á það hvort aðstæður hafi verið óvenjulegar eða ekki, í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, að fullnægjandi og áreiðanlegar upplýsingar liggi fyrir um það hverjar aðstæður stefnanda hafi í raun og veru verið fyrir slysið, þ.m.t. hvort rétt sé að hann hafi verið tekjulítill eða tekjulaus fyrir slysið og þá hve lengi, hvers vegna o.s.frv.

4

- 49 Til grundvallar þeirri málsástæðu stefnanda, að beita eigi ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við uppgjör bóta vegna varanlegrar örorku hans, þar sem aðstæður hafi verið óvenjulegar síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið og annar mælikvarði sé réttari við mat á framtíðartekjum hans, liggur samkvæmt framansögðu ekki annað fyrir en staðhæfingar stefnanda sjálfs um störf hans í [...] fyrir slys og sú staðreynd að hann hafði, skömmu fyrir slysið, skipt um starf og starfsvettvang, eftir að hafa gegnt fjölbreyttum störfum fram að því, um 19 ára skeið.
- 50 Stefnandi verður að bera halla af þeim skorti sem er á upplýsingum og gögnum varðandi aðstæður hans og tekjur fyrir slys, enda ber hann í senn sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óvenjulegar og að annar mælikvarði sé réttari til að meta framtíðartekjutjón hans en tekjur undangenginna þriggja ára fyrir slysið. Þá sönnunarbyrði hefur stefnandi ekki axlað með fullnægjandi hætti að mati dómsins. Af þeim sökum eru ekki forsendur til að leggja mat á það hvort aðstæður stefnanda fyrir slys hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eða ekki, þar sem óvissa

ríkir um fyrirkomulag vinnu stefnanda í [...] fyrir slysið og tekjur hans vegna þeirrar vinnu.

- 51 Þrátt fyrir að nú sé vitað að stefnandi hafi haldið áfram starfi sínu sem háseti á skipinu B [...] eftir slysið er auk þess ekki, að mati dómsins, með hliðsjón af þeim takmörkuðu upplýsingum sem fyrir liggja um hagi stefnanda og starfsreynslu fyrir slys, hægt að draga þá ályktun að ljóst hafi verið á tjónsdegi að sjómennska yrði aðalstarf stefnanda í framtíðinni, hvað þá sjómennska á Íslandi. Stefnandi hafði skömmu fyrir slysið tekið við starfi sínu sem háseti, starfi sem hann hafði aldrei gegnt áður eftir því sem hann sjálfur segir. Umrætt starf var auk þess fyrsta starf stefnanda hér á landi, en hann bjó sem fyrr segir í [...] á þessum tíma þótt hann hefði aðsetur hér á landi þegar hann var í vinnutörn, eins og hann orðaði það sjálfur á matsfundum.
- 52 Samkvæmt framansögðu og þá einkum með hliðsjón af stuttri atvinnusögu stefnanda sem sjómaður og skammvinnra atvinnutengsla við Ísland, lá að mati dómsins hvorki fyrir á slysdegi að stefnandi myndi áfram njóta launa sem sjómaður, hvað þá sem sjómaður á Íslandi, né að hann hefði til framtíðar litið notið launa sem verkamaður hér á landi. Verður að framangreindu virtu hvorki séð að laun stefnanda þann stutta tíma sem hann hafði starfað sem sjómaður fyrir slysið, né meðallaun verkamanna á Íslandi, gefi réttari mynd af tekjutjóni stefnanda til framtíðar en þær tekjur sem hann hafði í [...] síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys, hverjar sem þær voru, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eða eftir atvikum lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
- 53 Að því virtu, þar sem gögn skortir um atvinnu- og tekjusögu stefnanda fyrir slys og þar sem stefnandi ber sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að annar mælikvarði sé réttari hvað varðar framtíðartekjur hans, er ekki hægt að fallast á að skilyrði umræddrar lagagreinar skaðabótalaga séu uppfyllt eins og hér stendur á. Hefur stefnandi með öðrum orðum, að mati dómsins, hvorki sannað að aðstæður hafi verið óvenjulegar í þessu tilviki né heldur að annar mælikvarði hafi verið réttari á líklegar framtíðartekjur hans á slysdegi en sá sem notaður var í uppgjöri aðila, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.
- 54 Stefnanda voru sem fyrr segir greiddar bætur vegna varanlegrar örorku í samræmi við niðurstöður matsgerðar og lágmarksviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Að því virtu og þar sem óumdeilt er að tekjur stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið

voru undir því tekjuviðmiði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og notað var við uppgjör aðila verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi fengið tjón sitt vegna varanlegrar örorku bætt að fullu með uppgjöri aðila. Ber þegar af þeim ástæðum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

55 Með hliðsjón af framangreindu og atvikum málsins, svo og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

56 Af hálfu stefnanda flutti málið Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður.

57 Af hálfu stefnda flutti málið Einar Brynjarsson lögmaður.

58 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, TM tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður á milli aðila.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson